

AUGLÝSING

um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum.

1. gr.

Við innflutning á vörum, sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókunar 4 við EES samninginn eða eru upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi bókunar 3 við fríverslunarsamning Evrópusambandsins og Íslands og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kíló og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 87/1995.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1011	61	1806.9025	56
0403.1012	61	1806.9026	51
0403.1021	61	1806.9028	139
0403.1022	61	1806.9029	50
0403.9011	53	1806.9039	50
0403.9012	53	1904.9001	52
0403.9021	53	1905.3011	20
0403.9022	53	1905.3019	19
1806.2003	129	1905.3021	38
1806.2004	47	1905.3029	23
1806.2005	129	1905.3030	13
1806.2006	47	1905.4000	19
1806.3101	54	1905.9011	47
1806.3109	54	1905.9019	6
1806.3202	50	1905.9020	5
1806.3203	47	1905.9040	43
1806.3209	22	1905.9051	99
1806.9011	22	1905.9059	68
1806.9022	19	1905.9090	55
1806.9023	51	2202.9001	42
1806.9024	47		

2. gr.

Um vörflokkun, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu tollsins gilda ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu tolls samkvæmt 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af landbúnaðarhráefnum.

4. gr.

Auglýsing þess, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 256/1995, um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex, kökur o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókakaupasjóð Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Bókakaupasjóður Háskólans á Akureyri. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:

- Akureyrarbær, sem lagt hefur fram 500 þús. kr.
- Útgerðarfélag Akureyringa hf., sem lagt hefur fram 100 þús. kr.
- Landsbanki Íslands, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Sparisjóður Akureyrar, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Kaupfélag Eyfirðinga, sem lagt hefur fram 100 þús. kr.

Ofangreind fjárhæð, 800 þús. kr. hefur verið afhent Háskólanum á Akureyri til varðveislu og skal sjóðurinn vera í vörslu háskólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Stofnframlag, sbr. 2. gr.
 2. Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.
 3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
- Stofnfé sjóðsins og gjafir sem honum kunna að berast má ekki skerða.